

Ed.

394. Nefndarálit

[205. mál]

um frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frumvarp innsiglar getuleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Eftir harðvítugar deilur í stjórnarliðinu um efnahagsaðgerðir og mikið yfirlýsingastríð og heitstrengingar, sem stóðu vikum saman, birtist að lokum svonefnd skýrsla ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum. Efnisinnihald reynist rýrt og yfirlýsingarnar því marklaugar.

Allar götur síðan hefur ríkisstjórnin burðast við að búta þetta lítilræði niður í sem flest frumvörp og mestan málatilbúnað, eins og hún telji að þessar svonefndu aðgerðir vaxi þá af sjálfu sér. Er nú svo smátt brytjað að efnisinnihald má heita fulltalið í fáeinum orðum.

Efni þessa frumvarps er fyrst og fremst álagning á nýju afbrigði tolla til mótvægis við nýsamþykktu tollalækkun og svo lækkun launaskatts um 1% hjá vissum atvinnugreinum, sem óvissa hefur þó ríkt um hverjar væru a. m. k. allt fram undir þennan dag. Í launaskattmálum hefur þjóðin horft upp á hin furðulegustu vígaferli stjórnarliða síðustu dagana, sem lyktaði eins og venjulega við uppgjöf framsóknarmanna.

Um hið nýja tollafbrigði er það að segja, að með því á að leggja á almenning tvöfalda til þrefalda þá upphæð, sem tollar voru lækkaðir um hér um daginn. Í skjóli úreltrar vísitölumælingar má launafólk axla þessar byrðar bótalaust, en svona vísitöluleikfimi, sem bitnar á launafólki án þess að sjást í opinberri skýrslugjöf um verðlagsþróun og kaupmátt, er nú sem fyrr ær og kýr Alþýðubandalagsins.

Undirritaðir fjárhags- og viðskiptanefndarmenn eru andvígir 1. og 2. gr. frumvarpsins, sem fjalla um hið nýja tollafbrigði sem upp á að taka með tilheyrandi skriffinnsku. Við 3. gr. frv. flytjum við breytingartillögu á sérstöku þingskjali, þannig að aðstaða í iðnaði verði jöfnuð með tilliti til launaskattsákvæða. Þá eru nefndarmenn andvígir framlengingar-ákvæðum sérstaks tímabundins innflutningsgjalds skv. 16. og 17. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 25. febr. 1982.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr., frsm.

Lárus Jónsson.

Ey. Kon. Jónsson.